

inginn, hverfi heimakoman og líkþrotinn — „konungs-illan hverfi sem svefnhöfgi.

Hindurvitni þessi eru mjög rótgróin. Þau ónýta að heilu og hálfu leyti meginhluta þess sem ritað er í Amerísk tímarit um stjórnfræði, því meirihluti höfundanna hafa lært við háskóla Englendinga og Frakka og Þjóðverja. Í sannleika, það er næstum tilfinnanleg sýn að sjá stórgáfaða menn vera að byrja að komast í skilning um það, sem þeir ekki vissu áður, hver þýðing og tilgangur laga og landsréttar sé í raun réttir.

Mjög sláandi dæmi þessa eru inngangsgreinarnar í „Dagbók“ Charles Dickens um Ameríku-ferð hans. Einhver hafði farið með honum yfir til ríkisspítalans í Massachusetts fyrir þá geðveiku. Og þegar honum var svo sagt að stofnun þessi hefði verið reist á kostnað almennings og henni væri viðhaldið á almanna fé til almanna nota, datt svo ofan yfir hann, að hann hefði ekki orðið meira hissa, þótt hann hefði farið á kjörstað, einhvern kosningadag og séð kjósendur standa þar í einum skara og vera að syngja „Sköpunarlofgjörðina“ eftir Haydn, Að það skyldi vera eitt af skylduverkum stjórnarinnar að sjá um að betur færi um hvern hálfvita aumingja er í heiminn fæddist þar í ríkinu, en erfðaprinzinn lét fara um Georg III. Englands konung, tók Dickens bæði tíma og umhugsun að fá nokkurn botn í. Að yfirborðinu til gat hann þó loks komið því í höfuðið, en vafamál er það mikið, hvort hann nokkurntíma varð laus við þau hindurvitni, að stjórn væri eingöngu til þess að stjórna—sitja að ríkjum. Það er ekki ósvipað og í skólabókunum fyrir tæpri öld síðan. Kennarinn var maðurinn með „stokkinn og vöndinn“, er átti að hýða börnin, en naumast tæpt á því að skylda hans væri að kenna hverju barni er honum væri fært, og jafnvel gera sem fullkomnastan mann úr heimskingjanum litla er naumast kunni að ávarpa læriföður sinn.

Veslings Dr. Paley reitti Georg III. svo til reiði að Paley var aldrei gjörður að byskupi,—þrátt fyrir það þótt hann bæri höfuð og herðar yfir allan klerkdóm Englands á sinni tíð,